



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

# LISTASAFN ÍSLANDS

LAUFÁSVEGUR 12  
ENDURINNRETTING

**SKILAMAT**

DESEMBER 2003





# EFNISYFIRLIT

<b>0</b>	<b>ALMENNT UM SKILAMAT</b> .....	<b>3</b>
<b>1.0</b>	<b>UNDIRBÚNINGUR</b> .....	<b>3</b>
1.1	Lýsing framkvæmdar .....	3
1.2	Áætlunargerð .....	3
1.3	Áætlun um stofnkostnað .....	4
1.4	Áætlun um rekstrarkostnað .....	5
1.5	Áætlun um fjármögnun .....	5
<b>2.0</b>	<b>VERKLEG FRAMKVÆMD</b> .....	<b>5</b>
2.1	Útboð, tilboð og verksamningar .....	5
2.2	Framvinda .....	6
2.3	Eftirlit og úttektir .....	6
<b>3.0</b>	<b>REIKNINGSLEGT UPPGJÖR</b> .....	<b>7</b>
3.1	Fjárveiting og áfallinn kostnaður .....	7
3.2	Heildarkostnaður .....	8
3.3	Samanburður við áætlun .....	9
3.4	Kostnaður áfanga og eininga .....	9
<b>4.0</b>	<b>SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>10</b>
4.1	Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir .....	10
4.2	Árangur framkvæmdarinnar .....	10
4.3	Heimildaskrá .....	10
4.4	Staðfesting skilamats .....	10
	<b>FYLGISKJAL A – TEIKNINGAR</b> .....	<b>11</b>
	<b>FYLGISKJAL B – LJÓSMYNDIR</b> .....	<b>13</b>

## 0 ALMENNT UM SKILAMAT

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats og er þetta skilamat unnið eftir þeim reglum.

## 1.0 UNDIRBÚNINGUR

### 1.1 Lýsing framkvæmdar

Hér verður gerð grein fyrir framkvæmd við endurinnréttingu á skrifstofum fyrir Listasafn Íslands að Laufásvegi 12 sem fór fram á árunum 2000 og 2001.

Framkvæmdin fólst í endurinnréttingu skrifstofuhúsnæðis á fjórum hæðum auk kjallara. Aðlaga þurfti húsnæðið að þörfum Listasafnsins, þ.e.a.s. koma þar fyrir forvörslu eða verkstæði listaverka, bókasafni, kaffiteríu, skjalgeymslu auk almennra skrifstofa. Stærð húsnæðisins er samtals 854 m<sup>2</sup> og 2.318 m<sup>3</sup>.

Menntamálaráðuneytið var verkkaupi.

Fjallað verður um fjárveitingar í kafla 3.1.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með framkvæmdunum fyrir hönd verkkaupa og verkefnastjórar voru Magnús Einarsson og Ásdís Ingbórsdóttir.

### FRUMATHUGUN

Allt frá því húsnæði Listasafns Íslands að Fríkirkjuvegi 7 var tekið í notkun árið 1988 höfðu skrifstofur, forvarsla, bókasafn og almenn aðstaða starfsfólks verið í bráðabirgða-

húsnæði. Skrifstofur höfðu að hluta til verið í rými sem ætlað var til safnverslunar og á gangi sem liggur að lager. Bókasafn hússins var í gluggalausum kjallara sem upphaflega var ætlaður fyrir undirbúning sýninga. Þá hafði verið leigt húsnæði fyrir forvörslu að Laufásvegi til fjölda ára. Árið 1991 skrifaði Húsameistari ríkisins ítarlega áfangaskýrslu um framtíðaruppbyggingu Listasafns Íslands og starfsemi tengda safninu. Þar er m.a. tekið fram að flutningur safnsins í nýtt húsnæði árið 1987 var einungis fyrsti áfangi, og segja má að nú hafi hluta síðari áfanga verið fullnægt með flutningi skrifstofa og annarrar starfsemi safnsins að Laufásvegi 12. Í janúar 1996 var aftur skrifuð skýrsla af Húsameistara ríkisins um stækkunarmöguleika Listasafns Íslands og þá aðallega skoðaðir stækkunarmöguleikar vegna skrifstofu, forvörslu og annarra stoðryma safnsins. Í skýrslunni eru settir fram þrjár kostir:

1. Nýbygging á Laufásvegi 16, samtals um 580 m<sup>2</sup>, heildarkostnaður 115 m.kr.
2. Nýbygging á Laufásvegi 14-16, samtals um 1520 m<sup>2</sup>, heildarkostnaður 260 m.kr.
3. Sama tillaga og nr. 2 en til viðbótar byggt yfir höggmyndagarð sem tengir byggingarnar. Heildarkostnaður 310 m.kr.

Í júlí 1997 barst Framkvæmdasýsla ríkisins beiðni frá menntamálaráðuneytinu um gerð þarfagreiningar vegna flutnings á skrifstofum Listasafnsins.

Mikið hefur verið rætt og ritað um húsakost Listasafnsins allt frá því það flutti að Fríkirkjuvegi 7, en niðurstaðan varð sú að þegar Laufásvegur 12 bauðst ríkinu til kaups árið 1997 var ákveðið að festa kaup á húsinu og færa þangað skrifstofur og aðra starfsemi safnsins sem hafði þá lengi verið í bráðabirgðarými. Áður en af kaupum varð var gert markaðs- og ástandsmat á eigninni.

### 1.2 Áætlunargerð

Þegar gengið hafði verið frá kaupum á húsnæðinu að Laufásvegi 12 var það leigt fyrri eigendum af Listasafni Íslands meðan unnið var að undirbúningi þeirra breytinga og lagfæringa sem fram þyrftu að fara á húsinu áður en skrifstofur Listasafnsins færu þar inn.

Skrifað var undir ráðgjafarsamning við hönnunarhóp verksins í ágúst 1999. Í hópnum voru eftirfarandi hönnuðir:



Hönnuður	
Go-Form ehf.	Innanhúshönnun og hönnunarstjórn
Pormóður Sveinsson	Arkitekt
Lagnatækni ehf.	Lagnir og loftræsting
Lumex ehf.	Raflagnir
Verkfræðistofa Erlends Birgissonar ehf.	Burðarþol

Hönnun húsnæðisins miðaðist við að koma lyftu í húsið, ganga frá hæðum á snyrtilegan og látlausan hátt og koma þeirri starfsemi sem til þurfti fyrir í húsinu. Auk þessa þurfti að gera viðeigandi ráðstafanir vegna loftræstingar, lagna, síma og bruna- og öryggismála.

Skipulagning hæða var sem hér segir; í kjallara var komið fyrir korta- og skjalageymslu og mótuneyti, en lítið sem ekkert þurfti að gera í kjallara til þess að svo mætti vera því þar var fyrir kaffistofu starfsmanna og skjalageymsla með hillum á brautum. Á 1. hæð var komið fyrir forvörslu og viðgerð listaverka. Þar er best aðgengi með stóra hluti og gott vinnurými. Loftræstingu þurfti að huga sérstaklega að á 1. hæð vegna vinnu með spilliefni. Á 2. hæð var komið fyrir bókasafni með vinnurými og geymslu fyrir filmur sem þarf að vera kæld. Á 3. og 4. hæð eru svo skrifstofur, yfirstjórn safnsins á 4. hæð en sú hæð er inndregin með svölum til suðurs. Lyftustokk var komið fyrir í húsinu og nýjar rafmagnstöflur voru settar á allar hæðirnar. Lyfta var ekki komin í húsið þegar skilamat þetta var skrifað (sjá grunnmyndir fyrir og eftir breytingar í fylgiskjali A).

Í júní 1999 var send inn til umfjöllunar hjá byggingarfulltrúa fyrirspurn um fyrirhugaðar breytingar á innra fyrirkomulagi hússins og var svar nefndarinnar jákvætt. Byggingarfulltrúinn í Reykjavík samþykkti tillögur hönnuða um endurinnréttingu á fundi sínum 10. ágúst 1999.

### 1.3 Áætlun um stofnkostnað

Frumkostnaðaráætlun sem lögð var fram af Framkvæmdasýslu ríkisins í september 1998 hljóðaði upp á rúmar 42 milljónir króna og var skipting hennar milli verkþátta sem hér segir:

Heildarkostnaðaráætlun	Upphæð kr.	Hlutfall
Verktakakostnaður	30.815.500	73,1%
Hönnun	5.250.000	12,5%
Umsjón og eftirlit	1.800.000	4,2%
Útboðskostnaður	250.000	0,6%
Ófyrirséð	4.050.000	9,6%
<b>Samtals</b>	<b>42.165.500</b>	<b>100%</b>

Þessi áætlun var gerð áður en forsendur endurinnréttingar og hönnunar lágu fyrir. Áætlaðar verðhækkningar á framkvæmdatíma voru heldur ekki innifaldar í áætlun. Í ofangreindri áætlun er innifalin lyfta og önnur hæð hússins sem síðar var frestað. Hins vegar er ekki innifalið í ofangreindri áætlun búnaður og síma- og brunaviðvörunarkerfi.

Áður en boðið var út var ákveðið að skipta framkvæmdum í tvennt, þ.e.a.s. að geyma lyftu og 2. hæð þar til fjármagn fengist til að ljúka verkinu.

Í ársbyrjun 2001 var síðar ljóst að aukið fjármagn fengist til að ljúka verkáttum sem settir höfðu verið til hliðar og var þá ákveðið að taka 2. hæð hússins, bókasafn, með í verkið og flytja búð safnsins í rýmið þar sem skrifstofur voru áður, auk annarra smærri þátta. Ný kostnaðaráætlun var svohljóðandi í ársbyrjun 2001 en þá var meginverkþætti við endurinnréttingu hússins lokið.

Heildarkostnaðaráætlun	Upphæð kr.	Hlutfall
Verktakakostnaður	43.192.883	72,1%
Hönnun	4.622.394	7,7%
Umsjón og eftirlit	2.618.363	4,4%
Útboðskostnaður	128.082	0,2%
Búnaður og kerfi	5.599.043	9,3%
Ófyrirséð	3.735.000	6,2%
<b>Samtals</b>	<b>59.895.765</b>	<b>100%</b>

Ofangreind áætlun felur í sér bæði það sem á þessum tíma hafði verið greitt fyrir í verkinu og það sem áætlað var í þá verkþætti sem eftir voru. Þar á meðal var 2. hæð, safnbúð, símkerfi, öryggiskerfi, brunavarnir í skjalageymslu og búnaður.

## 1.4 Áætlun um rekstrarkostnað

Ekki var gerð áætlun um rekstrarkostnað vegna endurinnréttingar Laufásvegur 12.

## 1.5 Áætlun um fjármögnun

Áætlanir um fjármögnun voru gerðar samhliða kostnaðaráætlunum og héldust í hendur. Í undirbúningsferlinu voru kostnaðaráætlanir sniðnar eftir fjármögnun til verksins og tóku því bæði kostnaðaráætlanir og áætlanir um fjármagn stöðugum breytingum. Fjármögnun vegna verksins var áætluð við upphaf verks úr Endurbótasjóði menningarbygginga sem hér segir:

Fjárlög	Upphæð kr.
1999	15.000.000
2000	15.000.000
2001	22.000.000
<b>Samtals</b>	<b>52.000.000</b>

Þegar líða tók á verkið var ljóst að fjármögnun yrði nær því sem hér segir:

Fjárlög	Upphæð kr.
1998	3.500.000 *
1999	15.000.000
2000	15.000.000
2001	22.000.000
2002	3.200.000
Leigutekjur Listasafnsins	3.000.000
<b>Samtals</b>	<b>61.700.000</b>

\*staða byggingareiknings

## 2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

### 2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir samþykkti á fundi nr. 553, 16. desember 1999, og staðfesti síðar með bréfi sínu dagsettu 3. janúar 2000 að heimila útboð vegna endurinnréttingar á Laufásvegi 12 að undanskilinni 2. hæð og lyftu.

Í útboðslýsingu vegna verksins er verkinu lýst sem hér segir:

*Verkið felst m.a. í endurbótum og nýsmíði veggja og lofta, lagningu nýrra gólfefna, máln og smíði fastra innréttinga og endurnýjun útihurða í húsnæði verkkaupa að Laufásvegi 12. Fyrirhugað er að setja lyftu í húsið vegna þeirrar framkvæmdar þarf að saga úr botni og loftaplötum hússins göt fyrir lyftu og í kringum hana að steypa upp veggj á tvo vegu. Einnig þarf að saga og kjarnabora í loftaplötur fyrir lagnir milli hæða. Setja þarf upp lagnir og búnað fyrir frárennsli, fyrir neysluvatn, hitalagnir, hreinlætistöki, kælikerfi og loft-ræstikerfi.*

*Skipta skal út aðal rafmagnstöflu hússins og endurnýja kvísla og greinatöflur á hæðum. Skipta um rafmagnsefni, raflögn endurnýjuð að hluta og ný lýsing á fyrstu, annarri og fjórðu hæð auk nýrrar lýsingar á stigagangi. Einnig verður sett upp viðvörðunarkerfi.*

Útboð var auglýst 9. janúar 2000 og voru tilboð opnuð hjá Ríkiskaupum 24. janúar 2000. Alls bárust 6 tilboð í verkið og eru yfirfarnar tilboðstölur eftirfarandi:

Bjóðandi	Upphæð kr.	Hlutfall
Ístak	46.035.200	149%
S.Þ. verktakar	40.280.200	130%
Trérún ehf.,	39.978.889	129%
Þarfaping hf.,	33.781.088	109%
Sökkull ehf.,	33.558.567	109%
Kraftvaki ehf.,	33.207.126	107%
Kostnaðaráætlun	30.923.460	100%

Samið var við lægstbjóðanda á grundvelli tilboðs hans en í upphafi verks varð samkomulag milli verktaka og verkkaupa um breytingar á verktilhögun sem m.a. fólu í sér framlengingu verktíma um fjóra mánuði. Endurskoðaður samningur hljóðaði upp á kr. 30.854.264 með vsk.

Kraftvaki ehf. og verkkaupi undirrituðu viðbótarsamning vegna 2. hæðar 27. mars 2001 og byggðist sá samningur á einingaverðum eldri samnings og var verklýsing nánast sú sama. Hér var um endurinnréttingu hæðarinnar að ræða sem vera skyldi bókasafn safnsins. Upphæð samningsins var kr. 6.993.792 með vsk.

## 2.2 Framvinda

Verkleg framkvæmd vegna aðalsamnings hófst 28. febrúar 2000 og í samningi var gert ráð fyrir verklokum 30. september sama ár. Verktaka var veittur frestur vegna þátta sem hann var ekki ábyrgur fyrir til 8. október en verklok urðu 27. nóvember 2000.



4. hæð á verktíma.

Byrjað var á rífi innanhúss og að saga úr gólfplötum fyrir lyftustokki sem gekk upp í gegnum þak hússins og niður í gegnum gólfplötu kjallara. Veggir á hæðum voru rifnir og hæðir endurskipulagðar, sjá grunnmyndir fyrir og eftir breytingar fylgiskjal A.

Þar sem um endurinnréttingu á eldra húsnæði var að ræða urðu óhjákvæmilega tafir á verkinu þegar t.d. í ljós kom að lagnir í veggjum voru ekki staðsettar eins og hönnuðir hefðu gert ráð fyrir og upp kom vandamál vegna leka í lyftugrunni í kjallara.

Verkleg framkvæmd vegna 2. hæðar hófst 5. febrúar 2001 og lauk 24. apríl 2001.

Verkið hófst á því að loka þurfti hæðina af frá öðrum hlutum hússins, sem þegar var búið að taka í notkun, rífa veggi og gólfefni auk frágangs á lögnum og ofnum.

Starfsemi skrifstofu og forvörslu var flutt í nýtt húsnæði í mars 2001 en bókasafn var flutt á 2. hæð í júní 2001.



4. hæð að verki loknu.

## 2.3 Eftirlit og úttektir

Gerður var samningur við VSÓ um eftirlit með framkvæmdum. Samningur þess efnis var undirritaður 20. febrúar 2000 en hann var byggður á útboði um eftirlit minni verka sem fram fór veturinn 1999-2000. Samkvæmt þeim samningi var samið við VSÓ um 2,8% þóknun af verktakakostnaði fyrir eftirlit eða kr. 863.919 m.vsk.

Haldnir voru vikulegir fundir á verkstað með fulltrúum verktaka, verkkaupa og eftirlits. Alls voru haldnir 26 verkfundir vegna aðalsamnings og 6 verkfundir vegna 2. hæðar.

Lokaúttekt Byggingarfulltrúa og Eldvarnareftirlits fór fram 3. október 2001 fyrir báða áfanga verksins.

Vegna tafa verktaka á verksamningi greiddi hann verkkaupa kr. 500.000 í tafabætur.

Eftirlit skilaði skilagrein sinni vegna beggja verka í janúar 2002.



### 3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

#### 3.1 Fjárveiting og áfallinn kostnaður

##### Sundurliðun kostnaðar

Áfallinn kostnaður:			Innborganir:		Fjárlög 2969 kr.
Ár	Á verðlagi hvers árs kr.	Miðað við bygg.vísitölu 1.7.1987 (100) kr.	Greiðslur til FSR á verðlagi hvers árs kr.	Greiðslur Listasafns á verðlagi hvers árs kr.	
1997	27.201	12.198	0	0	0
1998	450.966	195.393	3.580.948 *	0	0
1999	3.176.797	1.346.101	15.000.000	0	15.000.000
2000	33.512.973	13.768.682	15.000.000	0	15.000.000
2001	20.499.048	7.933.068	22.000.000	1.267.943	21.000.000
2002	3.777.255	1.362.646	3.200.000	1.247.256	10.000.000
2003	238.700	85.863	386.793	0	0
<b>Samtals</b>	<b>61.682.940</b>	<b>24.703.951</b>	<b>59.167.741</b>	<b>2.515.199 **</b>	<b>61.000.000</b>

\* Staða byggingareiknings í árslok 1998, kr. 3.102.784,-

\*\* Leigutekjur Listasafns Íslands



### 3.2 Heildarkostnaður

<b>Sundurliðun kostnaðar</b>		
	<b>kr.</b>	<b>kr. samtals</b>
<b>3.2.1 Ráðgjöf</b>		
Arkitektahönnun	2.736.581	
Verkfræðihönnun	2.211.043	
Kostnaður samtals		4.947.624
<b>3.2.2 Samningsverk</b>		
Verksamningsgreiðslur	40.014.565	
Kostnaður samtals		40.014.565
<b>3.2.3 Aukaverk</b>		
Verksamningur	1.637.755	
Kostnaður samtals		1.637.755
<b>3.2.4 Viðbótarverk</b>		
Verksamningur	284.600	
Kostnaður samtals		284.600
<b>3.2.5 Umsjón og eftirlit</b>		
Framkvæmdasýsla ríkisins	3.441.242	
Eftirlit	1.654.177	
Kostnaður samtals		5.095.419
<b>3.2.6 Búnaður</b>		
Búnaður, þ.m.t. síma- og öryggisbúnaður	5.500.878	
Kostnaður samtals		5.500.878
<b>3.2.7 Annar kostnaður</b>		
Efni og vinna utan útboða	3.457.315	
Opinber gjöld og rekstrarkostnaður byggingarsvæðis	565.992	
Útboð, ljósritun, flutningsgjald og fl.	178.792	
Kostnaður samtals		4.202.099
<b>Kostnaður við Listasafn Íslands samtals</b>		<b>61.682.940</b>
<b>Heildarkostnaður 61,7 m.kr.</b>		



### 3.3 Samanburður við áætlun

Samanburður á áætluðum kostnaði og reikningsuppgjöri.				Yfirlitstafla
	Raunkostnaður á verðlagi hv. árs m.kr.	Áætlun á verðlagi bvt. 245,1 m.kr.	Raunkostnaður á verðlagi bvt. 245,1 m.kr.	Hlutfallslegur mismunur í %
Áætlunargerð (hönnun o.fl.)	4,9	4,6	2,2	-52%
Verklegar framkvæmdir	45,4	43,2	44,7	3%
Umsjón og eftirlit	5,1	2,6	4,6	76%
Útboðskostnaður	0,1	0,1	0,1	-2%
Búnaður og kerfi	5,5	5,6	5,2	-7%
Annað ófyrirséð	0,6	3,7	0,4	-89%
<b>Heildarkostnaður í m.kr.</b>	<b>61,7</b>	<b>59,9</b>	<b>57,2</b>	<b>-4%</b>

### 3.4 Kostnaður áfanga og eininga

Stærðir og einingarkostnaður	Stærðir m <sup>2</sup>	Einingarkostnaður kr./m <sup>2</sup>
Á verðlagi hvers árs án búnaðar	854	65.787
Á verðlagi hvers árs með búnaði	854	72.228
Á verðlagi 1. júlí 1987 (bvt.=100) án búnaðar	854	26.435
Á verðlagi 1. júlí 1987 (bvt.=100) með búnaði	854	28.927

## 4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

### 4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir

Til samanburðar við hliðstæðar framkvæmdir eru hér nefnd nokkur verk sem talin eru hliðstæð. Þarna er um endurinnréttingar skrifstofuhúsnæðis að ræða. Hér er borinn saman kostnaður á hvern fermeter og miðað er við byggingarvísitölu 100 í júlí 1987.

Við samanburð á kostnaði við mismunandi framkvæmdir á ólíkum tímum er algengt að bera saman kostnað á stærðareiningu. Sá samanburður segir til um hagkvæmni í hönnun og framkvæmd þegar borin eru saman álíka stór hús til sömu eða svipaðra nota.

Almennt lækkar kostnaður á stærðareiningu eftir því sem húsin eru stærri og þó einkum með stækkandi rýmum í húsunum sjálfum.

Endurinnrétting	Stærð í m <sup>2</sup>	Kostn./ m <sup>2</sup>
Lánasjóður landbún.	281,8	26.836
Einkaleyfastofan	810,0	19.947
Laugavegur 166, 1. h.	912,6	22.512
<b>Listasafn Íslands</b>	<b>854,0</b>	<b>26.403</b>

### 4.2 Árangur framkvæmdarinnar

Með hliðsjón af framansögðu er niðurstaða skilamatsins sú að endurinnrétting skrifstofuhúsnæðis Listasafns Íslands að Laufásvegi 12 hafi tekist vel. Tilætluðum árangri var náð, húsnæðið rúmar nú forvörslu, bókasafn, kaffiteríu, skjalasafn og almennar skrifstofur safnsins.

Vegna þess að verkþætti þurfti að skilja að hlaust ákveðinn viðbótarkostnaður sem meðal annars sýnir sig í auknum umsjónar- og eftirlitskostnaði en í dag er húsið fullbúið, miðað við upprunalega forspá, að undanskilinni lyftunni.

### 4.3 Heimildaskrá

Stuðst var við eftirfarandi heimildir:

#### Lög og reglugerð

Lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001 grein 16. Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda nr. 715/2001 grein 7.

#### Reglur

Reglur um fyrirkomulag skilamats útgefnar af Framkvæmdasýslu ríkisins og staðfestar af fjármálaráðuneyti 21. sept. 2001.

#### Framkvæmdasýsla ríkisins:

- Verkmöppur FSR frá árinu 1998 með verknúmeri 602 0410..
- Bókhaldsgögn FSR vegna uppgjör.

#### Annað

- Skilagrein eftirlitsaðila, gefin út af VSÓ í janúar 2002 auk ljósmynda.
- Reyndarteikningar hönnuða.
- Ljósmyndir umsjónar- og eftirlitsaðila.


### 4.4 Staðfesting skilamats

Undirritaður staðfestir hér með framanritað skilamat fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.




Óskar Valdimarsson, forstjóri

## FYLGISKJAL A – TEIKNINGAR




**Kjallari**

fyrir breytingar




eftir breytingar




**1. hæð**

fyrir breytingar




eftir breytingar




**2. hæð**

fyrir breytingar




eftir breytingar




3. hæð

fyrir breytingar




eftir breytingar



4. hæð

fyrir breytingar



eftir breytingar

## FYLGISKJAL B – LJÓSMYNDIR

Anddyri fyrir og eftir breytingar.





Forvarsla fyrir breytingar.



Forvarsla eftir breytingar.



Þriðja hæð fyrir breytingar.



Þriðja hæð eftir breytingar.



Skrifstofa forstöðumanns fyrir breytingar.



Skrifstofa forstöðumanns eftir breytingar.